

REGLUGERÐ

um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um rafmagnslækningatæki fyrir menn og dýr.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 5. tölul. X. kafla II viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Eftirfarandi EB gerð öðlast því gildi hér á landi, sbr. 1. gr.:

Tilskipun ráðsins 84/539/EBE frá 17. september 1984 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafmagnslækningatæki fyrir menn og dýr.

3. gr.

EB-gerðin sem vísað er til í 1. og 2. gr., er birt í sérriti, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 60/1979 um Rafmagnseftirlit ríkisins, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.